

13. fundur Foreldraráðs Heilsuleikskólans Kærabæjar, haldinn á Heilsuleikskólanum Kærabæ miðvikudaginn, 7 október kl. 17.00.

Mættir eru: Guðrún Sigurðurdóttir leikskólastjóri, María Björg Þorsteinsdóttir, Bjarni Bjarnason, Arna Matthíasdóttir og Sólveig Ólafsdóttir sem ritar fundargerð.

Guðrún Sigurðardóttir býður fólk velkomið og setur fundinn

Dagskrá fundar

1. Starfsreglur Heilsuleikskólans Kærabæjar

Guðrún leggur fram tillögur að breytingum á starfsreglum foreldraráðs í ljósi þess að foreldraráð og foreldrafélagið hafi á síðasta ári sameinast þ.e. að því leiti að þeir sem í stjórn foreldrafélagsins sitja sitji einnig í foreldraráði. Guðrún leggur til breytingar á eftirtöldum reglum.

- *Regla 4: Að tveir varamenn verði kosnir í foreldraráð í stað eins þar sem tveir varamenn eru kosnir í foreldrafélagið.*
- *Regla 7. Viðbót við reglu: að formaður kalli út varamann úr stjórn sjái hann sér ekki fært um að mæta á fræðslunefndarfund. En sem mikilvægt er fyrir foreldra að áheyrnafulltrúi þeirra sitji fundi þar sem málefni leikskólans eru rædd.*
- *Regla 11. Breyting á texta: að fundrgerðir foreldraráðs séu birtar á vef leikskólan.*
- *Regla 13. Breyting á reglu 13 verði breytingartillögur þessar samþykktar á næsta haustfundi.*

2. Foreldraráð, skipting í hlutverk

Sólveig gefur áfram kost á sér sem formanni, Bjarni meðstjórnandi og María Björg fundarritari. Arna og Rannveig varamenn.

Ekki meira rætt að sinni.

Fundi slitið kl. 17.45